

185

9. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 9. sept. 1939 um sölu og úthlutun
á nokkrum matvöru tegundum.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Hver skömmtunarseðill gildir fyrir einn mann í einn mánuð. Skiptist hann í stofn og 28 reiti. Eru 12 reitir fyrir hveiti eða hveitibrauð, hver fyrir 200 g af hveiti eða 250 g af hveitibrauði, 6 reitir fyrir rúgmjöl eða rúgbrauð, hver fyrir 500 g af rúgmjöli eða 750 g af rúgbrauði, 4 reitir fyrir hafragrjón, hrísgrjón og allt annað kornmeti en það, sem hér er talið að framan, nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, hver fyrir 450 g, 2 reitir fyrir kaffi, hvor fyrir 125 g af brenndu og möluðu kaffi eða 150 g af óbrenndu kaffi og 4 reitir fyrir sykri, hver fyrir 500 g. Má klippa seðlana í sundur og skulu reitirnir afhentir jafnóðum og kaup fara fram, en stofninn skal geyma þar til næsta afhending fer fram. Skal honum þá skilað og verða nýir seðlar aðeins afhentir gegn eldri stofni.

2. gr.

1. málsgrein 9. gr. falli niður.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Auk hinnar venjulegu skömmtunar er leyfð aukaskömmtun á rúgmjöli til notkunar í slátur. Er sláturskammturinn 2 kg rúgmjöl í hvert dilkslátur, 3 kg í hvert slátur af fullorðnu fé, og 16 kg í hvert stórgripaslátur, sem matbúið er. Skulu þeir, sem kaupa slátur, sýna skilríki frá seljanda um kaupin, þeir, sem hafa látið slátra hjá öðrum, vottorð um hve mörg slátur þeir hafi flutt heim, en þeir, er slátra heima, skulu gefa drengskaparyfirlýsingu um það, hve mörg slátur þeir hafi tekið þar. Smásöluverzlunum er heimilt að afgreiða rúgmjöl samkvæmt þessum skilríkjum, sem þeir afhenda síðan hreppsnefndum á sama hátt og segir í 12. gr., og fá innkaupsleyfi í staðinn.

Heimilt er að veita sjómönnum, sem skráðir eru í skiprúm, aukaskammt af kaffi og sykri, sem svarar 30 g af kaffi, 200 g af sykri og 750 g af rúgbrauði á mann fyrir hverja viku, er þeir eru á sjó.

Skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir veita aukaleyfi fyrir skammti þessum. Séu leyfi þessu veitt til viku eða hálfsmánaðar í einu fyrir alla skipshöfnina og afhent matsveini, ef hann er á skipinu, ella skipstjóra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, og birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 9. október 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jakob Möller. Hermann Jónasson.